

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2022

frá 10. júní 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2020/740 frá 25. maí 2020 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðra mæliþætti, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1369 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1222/2009 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L L 241, 27.7.2020, bls. 46 og Stjtið. ESB L 147, 30.4.2021, bls. 23.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 4. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0740**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/740 frá 25. maí 2020 (Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 46 og Stjtið. ESB L 147, 30.4.2021, bls. 23.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1369):

„, breytt með:

- **32020 R 0740**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/740 frá 25. maí 2020 (Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1.

birtust í Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 46 og Stjtið. ESB L 147, 30.4.2021, bls. 23.“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2195):

„53. **32020 R 0740**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/740 frá 25. maí 2020 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðra mæliþætti, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1369 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1222/2009 (Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 46 og Stjtið. ESB L 147, 30.4.2021.“

3. Texti 43. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009) fellur brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/740, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 46, og Stjtið. ESB L 147, 30.4.2021, bls. 23, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.